



Umboðsmaður Alþingis
Vilhelmína Ósk Ólafsdóttir
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 23. september 2021

Tilv.: FRN20050112/00.05.01

Vísað er til erindis umboðsmanns Alþingis, dags. 18. ágúst 2021, þar sem ítrekuð er beiðni um upplýsingar um viðbrögð félagsmálaráðuneytisins við skýrslu umboðsmanns um heimsókn á réttargeðdeild, öryggisgeðdeild og sérhæfða endurhæfingargeðdeild Landspítala 29.-31. október 2018.

Vegna fyrirspurnarinnar upplýsir félagsmálaráðuneytið umboðsmann Alþingis um að unnið er að tveimur verkefnum innan félagsmálaráðuneytisins sem tengjast vistun og búsetu þeirra sem dæmdir hafa verið til vistunar á viðeigandi hæli skv. 62. gr. almennra hegningarlaga og síðar fengið dóm um rýmkun.

Annars vegar er um að ræða endurskoðun á lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir en félags- og barnamálaráðherra skipaði starfshóp um heildarendurskoðun laganna hinn 21. janúar 2021 og fól honum að koma með tillögur til ráðherra ekki síðar en 30. september 2021, en ljóst er að einhverjar tafir verða á því að starfshópurinn skili niðurstöðum. Meðal þess sem heildarendurskoðunin tekur til eru ákvæði laganna um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, þ.m.t. uppbygging frekari úrræða með tilliti til fjölbreyttra þarfa fatlaðs fólks.

Hins vegar er um að ræða frumvarp til laga sem fjallar um framkvæmd öryggisráðstafana og öryggisvistunar sem unnið hefur verið að í samstarfi félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis undanfarin misseri, eins og félagsmálaráðuneytið hefur meðal annars gert umboðsmanni Alþingis grein fyrir í svörum vegna máls nr. 1055/2020. Gert er ráð fyrir að ákvæði laganna gildi um framkvæmd öryggisráðstafana, sem einstaklingar eru dæmdir eða úrskurðaðir til að sæta samkvæmt VII. kafla almennra hegningarlaga. Meðal þess sem er rætt í tengslum við þá vinnu er hvernig tryggja megi samfellu í þjónustu við einstaklinga við lok dvalar. Frumvarpið var á þingmálaskrá félags- og barnamálaráðherra fyrir 151. lögb. en náði ekki fram að ganga og er á ný á þingmálaskrá fyrir 152. lögb.

Bæði verkefnir eru unnin í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og fleiri aðila, þ.m.t. hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra


Erna Kristín Blöndal


Anna Tryggvadóttir